

181 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, mánudaginn 6. maí kl. 09:30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Júníana Óttarsdóttir. Sigurbjörg Ottesen sat fundinn á Teams. Einar Brandsson sat fundinn í forföllum Lífar Lárusdóttur. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09:30

1. Fundargerð frá 180 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 180 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Kosning varaformanns SSV

Í kjölfar kosninga á nýrri stjórn SSV á síðasta aðalfundi bar stjórn að kjósa varaformann samkvæmt samþykktum. Líf Lárusdóttir var kosin varaformaður SSV.

3. Fundur um vegamál

Í kjölfar ályktunar um vegamál á aðalfundi SSV var óskað eftir fundi með innviðaráðherra, forsvarsmönnum Vegagerðarinnar og þingmönnum. Fundurinn mun fara fram 10 maí n.k. í Gestastofu Snæfellinga á Breiðabliki og hefst kl.14.00

4. Breytingar á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að breytingum á fjárveitingum til áhersluverkefna. Stjórn samþykkti að samtals verði varið 4 m.kr. til þess að styrkja starf nýsköpunarsetra og samvinnurýma á Vesturlandi. Fjármagnið verður tekið úr verkefnunum Aðlaðandi Vesturland og Opinber störf á Vesturlandi, en þar var ónotað fjármagn.

5. Sóknaráætlun 2025-2029

Lögð fram verkáætlun og tilboð frá Urbana ehf. um ráðgjafavinnu við gerð Sóknaráætlunar Vesturlands 2025-2029. Framkvæmdastjóra falið að ganga til viðræðna við Urbana á grundvelli tilboðs.

6. Breiðafjarðarverkefnið

Farið yfir tillögur vinnuhóps um Forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar. Jafnframt var lögð fram tillaga að bókun vegna vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Breiðafjörð. Eftirfarandi bókun var samþykkt;

„Í mars 2024 voru haldnir þrjú íbúafundir við Breiðafjörð á vegum verkefnisstjórnar umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um verndun og nýtingu Breiðafjarðar. Á fundunum voru settar fram til umræðu drög að tillögum sem verkefnisstjórn hefur mótað á grundvelli stöðu-, hag og sviðsmyndagreininga. Tillögur verkefnisstjórnar fengu góðan hljómgrunn íbúa og þar með talin tillaga verkefnisstjórnar er fjallar um gerð skipulags haf- og strandsvæða við Breiðafjörð. Stjórn SSV telur mikilvægt koma á framfæri þeim vilja um að hefja beri verkefnið sem fyrst. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir viðhorfi sveitarfélaga sem málið varðar og koma rökstuðningi til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis.

7. Minnisblað um samvinnurými og nýsköpunarsetur

Lagt fram minnisblað um stuðning við samvinnurými og nýsköpunarsetur. Stjórn samþykkti að senda minnisblaðið til Innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar.

8. Farsældardagur á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað og dagskrá Farsældardags Vesturlands sem fer fram 16 maí n.k. Jafnframt er lögð fram kynning frá mennta- og barnamálaráðuneytinu á samþættingu verkefna undir hatti farsældar. Framkvæmdastjóri kynnti einnig að ráðuneyti mennta- barnamála væri reiðubúið til þess að gera viðaukasamning við Sóknaráætlun Vesturlands um að SSV fengi fjármagn til þess að ráða tímabundið starfsmanna til þess að útfæra starfsemi Farsældarráðs fyrir Vesturland og aukið samstarf sveitarfélaga varðandi farsæld barna.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu og kynna það fyrir sveitarfélögunum ásamt drögum að samkomulagi um starf verkefnisstjóra.

9. Fréttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Einar Brandsson fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu mál af vettvangi sambandsins.

10. Framlögð mál

- a. Framlögð fundargerð frá 947 fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b. Framlögð fundargerð frá 62 fundi SSNE

Fundi slitið kl.11.25